

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

EIGENDASTEFNA
BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR
APRÍL 2024

1. TILGANGUR, MARKMIÐ OG AFMÖRKUN

Birta Lífeyrissjóður er langtímafjárfestir og sem slíkur er sjóðurinn virkur þátttakandi á innlendum verðbréfamarkaði. Í því skyni gætir sjóðurinn hagsmuna sinna í fyrirtækjum í gegnum fjárfestingar sjóðsins, á hvaða formi sem þær eru, s.s. í hlutafélögum, sjóðum og sem eigandi skuldabréfa.

Markmið eigendastefnu Birtu er að skilgreina og skýra afstöðu stjórnar sjóðsins til stjórnarháttanna fyrirtækja og miðla henni til stjórnar og stjórnenda fyrirtækja þar sem sjóðurinn á hagsmuna að gæta. Ofangreindum markmiðum verður best náð með því að koma ábendingum eða athugasemdum til leiðar og/eða hafa frumkvæði að því að leita leiða til að ná sátt um málefni sem ekki ríkir samstaða um, hvort heldur það er gert með tillögugerð í aðdraganda hluthafafundar eða ósk um að slíkur fundur fari fram. Stefnan tekur fyrst og fremst til íslenskra félaga, skráðra og óskráðra, hvort heldur sem eignarhlutur sjóðsins í viðkomandi félagi teljist meiri- eða

minniháttar.

Meiriháttar eignarhlutur telst vera eitt af tvennu:

- 0,5% af heildareignum Birtu
- 5% eða hærri eignarhlutur í einstöku félagi

Möguleikar sjóðsins til að hafa áhrif ráðast þó eðli máls samkvæmt af eignarhaldi sjóðsins og hlutdeild í einstökum félögum.

Birta Lífeyrissjóður upplýsir sjóðfélaga á ársfundum sjóðsins, eftir því sem ástæða þykir, um atriði er lúta að framkvæmd eigendastefnu þessarar. Upplýsingar um ráðstöfun atkvæðisréttar í einstökum markaðs skráðum félögum er birt á heimasíðu sjóðsins á hverju ári.

Eigendastefna Birtu Lífeyrissjóðs tekur einkum mið af eftirfarandi atriðum:

2. HLUTHAFAFUNDIR

Sjóðurinn leitast við að sækja hluthafafundi þeirra félaga sem hann á eignarhlut í, í samræmi við gildissvið reglna þessara. Framkvæmdastjóri fer með atkvæðisrétt sjóðsins á hluthafafundum eða annar sá aðili sem hann veitir umboð til að fara með atkvæðið.

Framkvæmdastjóri og/eða fjárfestingaráð yfirfara tillögur sem leggja á fyrir aðalfund viðkomandi félags, taka afstöðu til þeirra og eftir atvikum gera grein fyrir efnislegum athugasemdum, leitast við að koma breytingum til leiðar eða þegar svo ber undir hafa frumkvæði að því að leggja fram tillögur á aðalfundum/hluthafafundum eða óska eftir hluthafafundi.

3. VAL OG KRÖFUR TIL STJÓRNARMANNA

Sjóðurinn telur að skipan tilnefningarnefnda sé liður í því að tryggja gagnsætt ferli við tilnefningar og framboð til stjórnarsetu í félögum og styður skipan slíkra nefnda. Mikilvægt er að tilnefningarnefnd vinni að hagsmunum allra hluthafa og gæti þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja skyldur sínar á sem bestan hátt. Farvegur fyrir framboð og kynningar sé skýr, lagt sé mat á óhæði og stuðlað sé að hæfilegri nýliðun í stjórn. Sjóðurinn styður ekki eitt fyrirkomulag umfram annað við skipan tilnefningarnefnda, en leggur áherslu á við val á stjórn séu langtímasjónarmið og hagsmunir allra hluthafa hafðir að leiðarljósi. Meti tilnefningarnefnd það svo að fleiri einstaklingar en nemur fjölda stjórnarsæta hafi til að bera þá eiginleika sem þarf við myndun stjórnar eftirláti hún hluthöfum að taka afstöðu til framboða til stjórnar. Í þeim tilvikum þar sem tilnefningarnefnd er ekki til staðar eða þar sem það á við leitast sjóðurinn við að tilnefna fulltrúa í stjórnir fyrirtækja eigi hann þess kost í krafti eignarhalds, ýmist einn eða í samstarfi við aðra hluthafa. Þar sem til greina kemur að tilnefna fulltrúa í stjórn skal það jafnan gert í

samráði við formann og varaformann stjórnar og ávallt á þeim forsendum sem raktar eru í 1. mgr., þ.e. horft sé til hagsmuna allra hluthafa og hugað sé að samsetningu stjórnarinnar sem heildar. Gerð er sú krafa til stjórnarmanna að menntun þeirra og hæfi fái samrýmst þeirri ábyrgð sem þeir takast á hendur með stjórnarsetu og að viðkomandi stjórnarmaður hafi tíma til að rækja störf sín af heilindum.

Starfsmenn Birtu taka ekki sæti í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins, hvort sem þau eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða ekki.

Starfsmönnum er jafnframt óheimilt að sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Starfsmenn geta hins vegar tekið sæti í stjórnnum eignahaldsfélaga í kringum sameiginlega fjárfestingu, fjárfestinga-, hagsmuna og/eða ráðgjafaráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í, og hafa eingöngu fjárvörslu eða fjármálaumsýslu að markmiði.

4. SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNARMENN

Sjóðurinn hefur ekki bein afskipti af stjórnarstörfum þess sem kosinn hefur verið í stjórn með beinni eða óbeinni þátttöku sjóðsins en leggur þó áherslu á góða upplýsingagjöf frá félaginu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og eigendastefnu sjóðsins.

Sjóðurinn leggur áherslu á að samskipti við stjórn og stjórnendur félaga sem sjóðurinn á eignarhlut í

fari almennt fram á hluthafafundum eða afkomufundum. Þetta útilokar þó ekki að sjóðurinn eigi samskipti við stjórnendur félaga þegar svo ber undir eða frambjóðendur í aðdraganda aðalfundar komi til stjórnarkjörs. Þegar slík samskipti eiga sér stað skal ávallt gætt að því að lög og reglur sem gilda um upplýsingagjöf félaga á markaði og jafnræði hluthafa séu virt í hvívetna.

Þar sem sjóðurinn á eignarhlut í félögum sem starfa á sömu samkeppnismörkuðum eða eiga að öðru leyti í samkeppni við önnur félög sem sjóðurinn á eignarhlut í, eiga sömu sjónarmið við og að framan greinir. Sjóðurinn áréttar mikilvægi þess að fyrirtæki starfi á forsendum heilbrigðrar samkeppni.

Ávallt skal sérstakrar varfærni gætt í tilvikum þar sem eiga sér stað samskipti við stjórnendur utan hluthafafunda og afkomufunda, sér í lagi í félögum á sömu samkeppnismörkuðum.

5. STARFSKJÖR STJÓRNENDA OG STARFSKJARASTEFNA

Það er mat sjóðsins að gæta skuli hófs við ákvörðun starfskjara stjórnenda og m.a. sé horft til stærðar og umfang rekstursins og þau starfskjör sem almennt bjóðast í því umhverfi sem fyrirtækið starfar í. Sjóðurinn leggur áherslu á að árangurstengdar greiðslur og/eða kaupréttir til lykilstjórnenda og almennra starfsmanna hafi langtímahagsmuni hluthafa að leiðarljósi. Slík kerfi verða fyrst og fremst að hafa skýr og mælanleg markmið sem auðvelt er að rökstyðja fyrir hluthöfum.

Sjóðurinn gerir þá kröfu að starfskjarastefna félaga uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Mikilvægt er að starfskjarastefnan tryggji langtímahagsmuni hluthafa, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila með skipulegum, einföldum og gagnsæjum hætti.

Sjóðurinn gerir þá kröfu að skýr greinarmunur sé gerður á milli árangurstengingar og grunnlauna í ársreikningum félaga.

6. GÓÐIR STJÓRNARHÆTTIR OG ÁHÆTTUSTÝRING

Sjóðurinn gerir þá kröfu til fyrirtækja sem hann fjárfestir í að þeir tileinki sér og framfylgi, að svo miklu leyti sem unnt er, leiðbeiningum NASDAQ OMX, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, eða öðrum viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og gefi út fullnægjandi stjórnarháttayfirlýsingar.

Í þeim tilvikum þar sem fyrirtæki framfylgir ekki framangreindum reglum umfram það sem lög bjóða gerir sjóðurinn þá kröfu að fyrirtækið upplýsi hluthafa á greinargóðan hátt um ástæður þess að vikið er frá leiðbeiningunum.

Sjóðurinn leggur áherslu á vandaða stjórnsýslu í þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í.

Þá leggur sjóðurinn áherslu á virkt innra eftirlit og áhættustýringu hjá þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í og að það sé sannreynt reglubundið.

7. SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Sjóðurinn er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN Principles for Responsible Investment). Samkvæmt þeim hefur sjóðurinn m.a. skuldbundið sig til þess að horfa til umhverfislegra og félagslegra þátta við fjárfestingar sínar auk stjórnarháttanna.

Sjóðurinn leggur áherslu á að fyrirtæki innleiði stefnu um samfélagsábyrgð. Lykilhugtök í slíkri stefnu eru viðskiptasiðferði, umhverfismál,

vinnuvernd og mannréttindi. Mikilvægt er að slíkar upplýsingar séu sýnilegar hluthöfum félagsins.

Í því skyni leggur sjóðurinn áherslu á að fyrirtæki, óháð stærð, tileinki sér ófjárhagslega upplýsingagjöf, sbr. 66. gr. d. laga um ársreikninga nr. 3/2006, eftir því sem við á. Félög hugi í því sambandi t.d. að innleiðingu GRI sjálfbærnivísa (Global Reporting Initiative) eða UN Global Compact stöðuskýrslna.

Samþykkt á fundi stjórnar Birtu 17. apríl 2024.